

Bráðabirgðaákvörðun

Landssími Íslands hf.
gegn
Og fjarskiptum

Erindi Landssíma Íslands hf.

Með tölvupósti, dags. 15. apríl 2003, gerði Landssími Íslands (LÍ) svohljóðandi kröfu með vísun í 11. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að Og fjarskipti (OGF) verði tafarlaust skyldaðir til að afhenda númeraseríuna 440-2000 til 440-4999, að viðlögðum hæstu lögleyfðu dagsektum, sbr. lokamálsgrein 74. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Jafnframt var þess krafist, að OGF verði tafarlaust gert skylt að tengja svarhólf á GSM númer OGF í tengslum við yfirfærslu viðskipta Íslandsbanka hf. til LÍ.

Þá var þess krafist að OGF sæti ítrustu viðurlögum sem lög leyfa, sbr. XVI. kafli fjarskiptalaga.

Erindinu fylgdu einnig tölvupóstar um samskipti fyrirtækjanna varðandi flutning á umræddum númeraröðum.

Málsmeðferð

Erindið var sent til OGF sama dag og var frestur til athugasemda gefinn til kl. 13:00 föstudaginn 16. apríl n.k.

Málavextir, málsástæður og lagarök Landssíma Íslands

Málavexti segir LÍ vera þá að í lok vinnudags föstudagsins 16. apríl sé áætlað að flytja allar stofntengingar Íslandsbanka og að undirbúningur þess hafi átt sér stað um nokkurt skeið í samvinnu við OGF. Nú hafi OGF hafnað að flytja númeraröðina 440-2000 til 440-4999.

Þá heldur LÍ því fram að OGF hafi ekki staðið við að virkja svarhólf á GSM númer OGF í samræmi við vinnureglur fjarskiptafélaganna þar um. LÍ telur að þessi vinnubrögð séu aðfinnsluverð og í fullkomnu ósamræmi við fyrri loforð OGF og valdi nú þegar stórkostlegum skaða, þar sem ekki reynist unnt að ná í u.þ.b. 500 farsímanotendur Íslandsbanka frá og með fimmtudeginum, en í 3. mgr. 9. gr. reglna um númeraflutning nr. 401/2001 kemur fram að fjarskiptafyrirtæki skuli gera allar ráðstafanir til að áskrifandinn verði ekki fyrir truflunum á símnótun sinni og að hringingar til hans falli ekki niður lengur en óumflýjanlegt er. Af hálfu LÍ hefur verið staðið að beiðni um númeraflutning á umræddum númeraröðum svo og virkjun svarhólfa í fullu samræmi við reglur um númeraflutning og ferla sem á þeim byggja, auk vinnureglna á milli félaganna.

Af hálfu OGF hafi þessar reglur á hinn bóginn allar verið þverbrotnar, svo sem fram komi í tölvupóstsamskiptum sem fylgi með kærinni. Um skemmdaverkastarfsemi sé að ræða, sem eigi sér enga hliðstæðu í samskiptum fjarskiptafélaga á Íslandi. Auk

Þess hafi OGF gerst brotleg við bráðabirgðaákvörðun PFS frá 5. apríl s.l., sbr. úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 7. apríl s.l. þar sem kröfu OGF um frestun réttaráhrifa var hafnað. Jafnframt fari háttsemi OGF gegn 52. gr, fjarskiptalaga.

Að mati LÍ veldur þessi háttsemi OGF nú þegar skaða og mun valda enn frekari skaða verði ekki brugðist skjótt við og endi bundinn á hinar ólögmetu aðgerðir OGF. Synjun á afhendingu í samræmi við fyrrgreinda bráðabirgðaákvörðun sé nú þegar farin að valda töfum á markaðsfærslu Sjóvá-Almerra á umræddum númerum. Þá munu tafir á afhendingu stofntenginga valda LÍ umtalsverðu tekjutapi, auk þess að raska fjarskiptum Íslandsbanka. Dráttur á úrskurði myndi því valda því að réttindi fari forgörðum og verulegt fjártjón eiga sér stað.

Telur LÍ að PFS sé skylt að bregðast við skýlausum brotum OGF með dagsektum til að knýja fram að farið sé að lögum, reglum og úrskurðum fjarskiptayfirvalda.

Málavextir, málsástæður og lagarök Og fjarskipta

Athugasemdir OGF bárust með bréfi, dags. 16. apríl 2004. Þar vakti lögmaður OGF athygli á því að Íslandsbanki hf. og Sjóvá-Almennar hf. séu meðal viðskiptavina OGF og fram fari viðræður á milli fyrirtækjanna um viðskiptaleg samskipti þeirra og að fundur sé fyrirhugaður n.k. mánudag. Þá var þess óskað að PFS og LÍ haldi sig frá greindum viðskiptalegum samskiptum og málið látið niður falla, að minnsta kosti þar til viðskiptamenn OGF snúi sér til PFS og geri athugasemdir við samskipti sín við OGF.

Vegna bréfs OGF óskaði PFS eftir afstöðu Íslandsbanka varðandi það hvort vilji þeirri standi til að flytja fjarskiptaviðskipti sín frá OGF til LÍ. Svar barst með tölvupósti með afriti á aðila máls þess efnis að vilji Íslandsbanka standi til að færa viðskipti sín frá OGF yfir til LÍ.

Niðurstaða

Heimild til bráðabirgðaákvörðunar

Heimild til töku bráðabirgðaákvörðunar er í 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en samkvæmt ákvæðinu er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun, enda sé hætt á því að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni. Af tölvupóstsamskiptum á milli fyrirtækjanna sem fylgdu kröfu LÍ má ráða að fyrirhugaður flutningur hafi átt að eiga sér stað við lok vinnudags í dag og ekki verður séð að OGF hafi haft upp nein mómæli vegna flutnings á umræddum númeraröðum fyrr en í tölvupósti frá ER þann 15. apríl kl. 11:20, þar sem segir: “Ég má ekki flytja númerin 4402000-4404999”. Fram að þeim tíma virðist hafa verið í gangi samvinna á milli tæknimanna OGF og LÍ varðandi flutning á númeraröðunum. Með hliðsjón af þeirri undirbúningsvinnu sem fram hefur farið á milli fyrirtækjanna um flutning á umræddum númerum í lok vinnudags í dag, vilja Íslandsbanka til að færa viðskipti sín frá OGF yfir til LÍ og leiða má að því líkum að LÍ verði fyrir fjártjóni ef flutningurinn verður ekki á þeim tíma sem um var samið í byrjun eru lagaskilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar uppfyllt í þessu máli.

Númeraflutningur á númeraröðunum 440 2000 til 440 4999

Póst- og fjarskiptastofnun tók þann 5. apríl s.l. bráðabirgðaákvörðun um að OGF væri skylt að flytja númeraröðina 440 2000-440 2999 yfir til Landssíma Íslands hf., sbr. og úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála frá 7. apríl þar sem frestun réttaráhrifa var hafnað. Verður því í þessu máli ekki fjallað sérstaklega um flutning á þeirri númeraröð. Eftir stendur þá flutningur á númeraröðunum 440 3000 til 440 4999.

Samkvæmt 2. gr. reglna um númeraflutning nr. 401/2001, en reglurnar sækja nú stoð í 52. gr. farskiptalaga nr. 81/2003, skulu fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet, þ.m.t. samnet, og heimilað hefur verið að úthluta áskrifendum sínum númerum gefa þeim kost á númeraflutningi. OGF falla ótvírætt undir þessa skyldu fjarskiptalaga sem og reglna um númeraflutning.

Þá kemur ennfremur fram í 3. gr. reglna um númeraflutning að áskrifendur fastasíma sem gera þjónustusamning við annað fjarskiptafyrirtæki en þeir hafa áður þegið þjónustu hjá skulu eiga rétt á að flytja með sér númer sem þeir hafa hjá því fjarskiptafyrirtæki sem þeir voru áður tengdir. Samkvæmt þessu ákvæði á Íslandsbanki skýlausan rétt til að flytja með sér þær innvalsraðir sem í notkun eru hjá fyrirtækinu. Í svari Íslandsbanka við bréfi PFS kemur skýrt fram að vilji þeirra standi til að flytja fjarskiptaviðskipti sín yfir til LÍ. PFS hefur engin tæk önnur en að virða þennan vilja fyrirtækisins og leggja hann til grundvallar í niðurstöðu málsins. Íslandsbanki á samkvæmt þessu rétt á því að númeraraðirnar 440 3000- 440 4999 séu fluttar frá OGF yfir til LÍ. Rétt þykir að miða við að flutningurinn eigi sér stað í lok vinnudags föstudagsins 16. apríl eins og ráða má af tölvupóstssamskiptum að hafi verið upphaflega ákveðið á milli fyrirtækjanna.

Krafa um virkjun svarhólfa

Hvað varðar þá sameiginlegu vinnureglu sem í gangi hefur verið á milli fyrirtækjanna um uppsetningu á svarhólfum þegar viðskiptavinir skipta um þjónustuveitanda þá telur PFS að afla verði frekari gagna varðandi þann efnisþátt málsins áður en tekin verður ákvörðun um gagnkvæmar skyldur fyrirtækjanna um að lesa inn á svarhólf tilkynningu um breytt símanúmer og þá á hvað lagagrunni slík skylda yrði reist. Kröfu um bráðabirgðaákvörðun varðandi þann þátt málsins sem snýr að virkjun svarhólfa er því hafnað.

Krafa um dagsektir

Samkvæmt 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 getur PFS ákveðið að beita dagsektum m.a. ef fjarskiptafyrirtæki fer ekki eftir ákvæðum laga eða einstökum ákvörðunum PFS. Með bráðabirgðaákvörðun PFS þann 5. apríl s.l. var Og fjarskipti gert skylt að flytja númeraröðina 440 2000-440-2999 yfir til Landssíma Íslands hf. til úthlutunar fyrir starfsemi Íslandsbanka, vegna Sjóvá Almennra, sbr. og úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála frá 7. apríl s.l. þar sem kröfu OGF um frestun réttaráhrifa var hafnað. Af gögnum þessa máls virðist vera ljóst að þrátt fyrir niðurstöðu PFS og úrskurðarnefndar hefur OGF ekki enn flutt umrædda númeraröð yfir til LÍ. Í ljósi þess og þeirra hagsmuna sem eru í húfi og að dagsektarkröfu var ekki mótmælt af hálfu OGF eru lagðar á dagsektir á OGF að upphæð kr. 100.000. Rétt þykir að miða upphafstíma dagsekta við kl. 12:00 mánudaginn 19. apríl n.k.

Ákvörðunarorð

Og fjarskiptum hf. ber að flytja númeraröðina 440 3000 til 440 4999 yfir til Landssíma Íslands, vegna fjarskiptaþjónustu Íslandsbanka hf. fyrir lok vinnudags í dag.

Kröfu um bráðabirgðaákvörðun vegna virkjunar á svarhólfum er hafnað.

Hafi flutningur á númeraröðunum 440 2000-440 2999 og 440 3000-440 4999 frá Og fjarskiptum hf. til Landssíma Íslands hf. ekki átt sér stað á hádegi mánudaginn 19. apríl n.k. leggjast dagsektir að upphæð kr. 100.000 á Og fjarskipti hf.

Póst- og fjarskiptastofnun, 16. apríl 2004